

## Fréttatilkynning vegna flóða á Austfjörðum

---

Atburðir: Vatnsflóð og krapaskriða í ofsaveðri, 28. desember 2015 og sjávarflóð 30. desember 2015 á Austurlandi.

### Stutt yfirlit yfir helstu þætti

Í síðustu viku (5. til 8. janúar 2016) voru framkvæmdastjóri og byggingarverkfræðingur VTÍ í Fjarðabyggð og Breiðdalsvík vegna framangreindra atburða. Fundir voru haldnir með bæjarstjóra og framkvæmdastjóra framkvæmda- umhverfis- og veitusviðs (áður umhverfisstjóra) Fjarðabyggðar. Einnig var haldinn fundur með oddvita og verkefnisstjóra Breiðdalsvíkur. Farið var í vettvangsferðir á Breiðdalsvík, Neskaupsstað, Eskifjörð, Reyðarfjörð, Fáskrúðsfjörð og Stöðvarfjörð.

Framkvæmdastjóri Viðlagatryggingar Íslands hefur verið í sambandi við önnur sveitarfélög af Austurlandi til að kanna hvort tjón hafi orðið á þeim svæðum sem kunnir að vera bótaskyld af hálfu Viðlagatryggingar Íslands. Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar er ekki útlit fyrir að um bótaskyld tjón af hálfu VTÍ, sé að ræða annars staðar en í Fjarðabyggð og mögulega minniháttar tjón á Breiðdalsvík.

### Umfang tjónamála

Eftir að búið er að yfirfara allar innsendar tilkynningar og áætla fjölda þeirra tilkynninga sem eftir eiga að berast, er útlit fyrir að á bilinu 20-25 mál falli undir bótaskyldu Viðlagatryggingar Íslands. Tjón varð á fasteignum, lausafé og vatns- og fráveitum vegna vatnsflóða þann 28. desember. Tjón varð einnig á fasteignum, lausafé, fráveitum og hafnarmannvirkjum vegna sjávarflóða þann 30. desember. Vatnstjón varð á dvalarheimili þar sem 16 íbúðir skemmdust á einum tjónsstað. Fjöldi tjónsstaða endurspeglar því ekki endilega umfang tjónamatsins í heild.

### Samskipti og skipulag

Mikil áhersla hefur verið lögð á upplýsingagjöf og leiðbeiningar til tjónþola um hvernig þeir geti tilkynnt tjón á eignum sínum og hvernig meðferð tjónamála hjá VTÍ er háttað. Viðtalstímar voru skipulagðir á öllum þéttbýlisstöðum í Fjarðabyggð þann 6. og 7. janúar í þessu skyni. Viðtalstímarnir voru haldnir að beiðni Fjarðabyggðar og voru skipulagðir af fulltrúum sveitarfélagsins. Fundirnir gengu vel og þar gafst tækifæri til að leiðbeina tjónþolum ásamt því að svara ýmsum spurningum íbúanna varðandi tjónsatburðinn. Um 60 manns hittu fulltrúa Viðlagatryggingar í boðuðum viðtalstímum og voru ýmist einstaklingsviðtöl eða opnir fundir með aðilum, eftir því sem hentaði í hverju tilviki. Á fundunum fékkst góð yfirsýn yfir eðli tjóna á ólíkum stöðum.

### Áhrif atburða

Á Neskaupsstað er nær eingöngu um að ræða tjón vegna vatnsflóða sem orsökust af óhemju mikilli rigningu og snjóleysingum þann 28. desember 2015. Lækir í hlíðinni ofan og innan við bæinn flæddu margir yfir bakka sína. Í sumum tilfellum flæddu lækir vegna aurskriða sem féllu í þá og stífluðu. Tjón varð af þessum sökum á nokkrum fasteignum og í

## Fréttatilkynning vegna flóða á Austfjörðum

---

örfáum tilvikum á lausafé. Fráveitukerfið á Neskaupstað yfirfylltist og í það kom eitthvað af framburði. Minniháttar skemmdir urðu á kerfinu af þeim sökum. Pípa í vatnsveitu fór í sundur í botni lækjarfarvegur innan við bæinn og jarðvegur skolaðist frá pípunni á öðrum stað. Einnig skolaðist frá raf- og símalögnum á 1-2 stöðum inn í bænum. Ræsi í gegnum þjóðveginn að Neskaupstað stífluðust af framburði eða höfðu ekki undan vatnsflaumnum og mikil vinna fór fram af hálfu sveitafélagsins við að halda ræsum opnum. Sú vinna hefur vafalaust orðið til þess að lágmarka skemmdir á vegum og einnig til að forða tjóni sem ella hefði orðið á eignum sem váttryggðar eru hjá Viðlagatryggingu Íslands.

Á Eskifirði varð tjón fyrst og fremst vegna vatnsflóðs af völdum sjávar þann 30. desember 2015. Stíf austanátt gekk inn fjörðinn, loftþrýstingur var óvenju lágur og mikill áhlaðandi kom því til viðbótar við háa sjávarstöðu. Töluvert tjón varð á nokkrum fasteignum sem standa nærri fjöruborðinu. Hér er að mestu leyti um að ræða svokölluð sjóhús, sem sum teljast vera menningarminjar, en rétt er að taka fram að fasteignir og í sumum tilvikum sambyggðar bryggjur eru viðlagatryggðar sem slíkar, en ekki minjagildið. Í nokkrum tilvikum varð tjón á lausafé. Smávægilegt tjón varð á hafnarmannvirkjum og líklega er einnig smávægilegt tjón á fráveitukerfi.

Á Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði urðu tvö smávægileg tjón á svokölluðum sjóhúsum, sem standa alveg í fjöruborðinu. Á Stöðvarfirði var aðallega um að ræða foktjón og samkvæmt upplýsingum sem fulltrúar Viðlagatryggingar fengu á fundi með íbúum þar er misjafnt hvort fyrir hendi séu váttryggingar hjá almennu váttryggingarfélögunum gegn því tjóni, en eins og fram hefur komið nær viðlagatrygging ekki til foktjóna.

### Skipulag matsstarfa

Matsstörf vegna tjóna sem váttryggð eru hjá VTÍ hafa þegar verið skipulögð og munu verkfræðistofurnar Verkís, Mannvit og Efla, sem allar hafa útibú á Austurlandi annast matsstörf fyrir hönd stofnunarinnar. Byggingarverkfræðingur VTÍ annast skipulag og samræmingu matsstarfa. Öllum tilkynntum málum hefur þegar verið vísað í tjónamat og eru matsstörf þegar hafin. Áætlað er að tjónamati verði lokið og matsskýrslur kynntar fyrir eignum, eigi síðar en um miðjan febrúar 2016.

Reykjavík, 12. janúar 2016

Hulda Ragnheiður Árnadóttir  
Jón Örvar Bjarnason  
Halldór Frímansson